

Árni Halldórsson  
Garði I  
660 Mývatn



Mývatni 8. júlí 2015  
UST201505-102/D.Ö.H.  
10.05.01

## Efnistaka og bakkavarnir í landi Garðs

Vísað er í bréf Árna Halldórssonar í Garði I, dagsett 1. maí síðastliðinn þar sem óskað er eftir leyfi til efnistöku í Garðsbruna og heimild til að styrkja bakkva Mývatns á Garðsgrundum. Til viðbótar liggja fyrir myndir Kára Þorgrímssonar í Garði II.

Skv. bréfi Árna hefur vatnshæð Mývatns hækkað frá því sem var fyrir tíð rennslisstjórnunar Landsvirkjunar sem veldur miklu álagi á vatnsbakkann. Víða má sjá rof á bakknum sem veldur tjóni á ræktuðu landi. Til varnar rofinu hefur grjóti verið hlaðið í vatnsbakkann sem hefur reynst vel. Nú stendur til að endurbyggja og styrkja þær bakkavarnir sem fyrir eru enda eru þær gamlar og hafa látið á sjá.

Leitað var umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknarstöðvarinnar við Mývatn vegna framkvæmda við vatnsbakkann. Umsagnaraðilar telja framkvæmdina ekki spilla náttúrufari né ásýnd svæðisins en leggja þó áherslu að að ekki verði hróflað við lindasvæðum í nágreni Garðsgrunda.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við efnisnám í Garðsbruna vegna framkvæmdarinnar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir við bakkavarnir á Garðsgrundum eru til varnar ræktuðu landi. Það land sem framkvæmdir fara fram á er raskað og er ekki gert ráð fyrir að rask í vatninu sjálfu nái langt fram fyrir vatnsbakkann. Ekki er gert ráð fyrir að styrkingar úr grjóti nái upp fyrir bakkann og því hafa framkvæmdirnar ekki áhrif á landslag.

Að ofangreindu gefur Umhverfisstofnun leyfir fyrir sitt leiti til að ráðast í framkvæmdir við bakkavarnir til varnar túnum á Garðsgrundum með eftifarandi skilyrðum.

- Að ekki verði hróflað við lindum við vatnsbakka Mývatns.
- Þess skal gætt að ekki verði valdið óþarfa raski á vatnsbotni Mývatns eða á ásýnd svæðisins.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt upphaf og lok framkvæmda.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsen  
Björn Stefánsen

Davíð Örvar Hansson  
Davíð Örvar Hansson